



# IKÍNGUT

Leikstjóri **Gísli Snær Erlingsson**

<https://www.kvikmyndavefurinn.is/films/nr/39>

Ikíngut er hófstíllt mynd sem á áhugaverðan hátt fangar ótta okkar við hið óþekktu, í þessu tilviki grænlenkan dreng sem fyrir mistök lendir á Íslandi og sem hristir upp í heimi hinna fullorðnu með því einu að vera svolítið öðruvísi.

Fyrir 3. bekk og upp úr

## Söguþráður

Fyrir nokkur hundruð árum hafði veturinn verið svo kaldur í veðurbörðu smáborpi á Íslandi að hafið var ísilagt á stórum svæðum. Fólk er farið að vanta mat. Fólk safnast saman í kirkjunni og leggur traust sitt á Guð en sjómaðurinn Porkell telur að gamaldags galdrar og álög séu betri en bænir í kirkjunni. Hann og áhangendur hans segja að hriðarstormarnir sem herja á bæinn hafi í för með sér galdra, púka og skrímsli og að þess vegna sé svo lítinn mat að hafa. Dag einn sér Bóas, sonur prestsins, nokkuð

ógnvekjandi úti á ísnum. Skrímsli sem hefur ísbjarnarfeld en gengur þó á tveimur fótum. Hann flýtir sér heim og segir frá því sem hann sá en enginn trúir honum. Enginn nema Porkell. Hann segir að að Bóas hafi séð púka sendan af Kölska sem leiða muni bæinn til tortímingar.

Eina nóttina vaknar Bóas við öskur skrímslisins fyrir utan gluggann hjá sér. Hann vekur alla á bænum og stekkur út til að sjá hvað hafi gerst. Á sama augnabliki fellur stórt snjóflóð yfir húsið og brýtur það í mál. Bóas skilur að skrímslið öskraði til að vara fjölskylduna við og bjargaði þar með lífi hennar. Þegar hann hittir skrímslið síðar augliti til auglitis kemur í ljós að í hvítum feldinum er lítill drengur, á svipuðum aldri og Bóas sjálfur. Hann skilur ekki hvað drengurinn segir eða hvaðan hann kemur en heldur að hann heiti Ikíngut. Drengirnir verða vinir og Ikíngut flytur fljótlega heim til Bóasar og hjálpar til með því að veiða fisk gegnum vök í ísnum. Bóas áttar sig á því að vinur hans er í lífshættu þegar bæjarbúar halda fast við það að Ikíngut sé skrímsli. Bóas og Ása systir hans leggja í hættulegan leiðangur til að bjarga Ikíngut.

## Trú og hjátrú

Lífið var erfitt fyrir íbúa þorpsins og reiddu þeir sig algerlega á náttúruna til að komast af. En þegar náttúran bregst er áriðandi að finna skýringar og blóraböggla. Margir töldu að illir andar væru orsök flestra óhappa og vandamála, allt frá snjóflóðum til hungursneyðar og hafíss. Á sama hátt trúði fólk á góða anda þegar allt gekk vel. Gömul trú á hið yfirnáttúrulega er enn til í litlum samfélögum um heim allan en í nútíma samfélögum hafa vísindi kennt fólk margt um það hvernig hlutirnir eru í þessum heimi. Þó hneigjumst við enn til hjátrúar af og til, til dæmis þegar gengið er undir stiga eða svartur köttur hleypur yfir götuna og við skyrpum þrisvar yfir öxlina til að forðast ógæfu. Þetta er að sjálfsgöðu líka ákveðið form hjátrúar.

## Þekkja nemendur fleiri nútímadæmi um hjátrú?

Í frumstæðum samfélögum sem reiða sig eingöngu á náttúruna eimir oft enn af hjátrú á anda og náttúruguði. Þetta kallast náttúru trú og felur einnig í sér trú á góða anda. Þekkja nemendur slík samfélög frá fyrri tíð eða í nútímanum?

Af hverju heldurðu að margir tengi hjátrú við eitthvað dimmt og skuggalegt? Er skiljanlegt að fólk hafi trúað meira á hið yfirnáttúrulega fyrir á tíð? Útskýrðu af hverju.

## Óttinn við hið óþekkta

*Ikíngut* er fyrst og fremst spennandi ævintýramynd fyrir börn. En myndin lýsir því einnig hve auðveldlega óttinn tekur yfir þegar hið óþekkta blasir við okkur, eitthvað sem við skiljum ekki. Og að við eigum ekki að nota það sem er öðruvísi og framandi sem blóraböggul ef illa fer.

Sjá nemendur eitthvað líkt með litla samfélaginu í myndinni og nútímalegri borg? Hver eru þá þau líkindi?

Hvers vegna eru margir hræddir við það sem þeir þekkja ekki?

## Vinátta og umburðarlyndi

Bóas og Ikíngut verða bestu vinir í myndinni og Bóas fórnar næstum lífi sínu til að bjarga vini sínum. Á sama tíma er hann í andstöðu við fjölskyldu sína og veldur henni sorg þegar hún telur hann af.

Finnst ykkur Bóas fara rétt að? Gat hann gert eitthvað annað til að hjálpa Ikíngut?

Hvað gerir þú ef einhver er leiðinlegur við vin þinn?

Pótt drengirnir tali ekki sama mál skilja þeir hvorn annan. Hvernig er hægt að tala saman án þess að tala sama mál? Hvernig gerir þú þig skiljanlega/n ef þú ert í frii og talar ekki málið?

Finnst þér í lagi að vinur þinn klæði sig allt öðruvísi en þú gerir sjálf/ur, eða reynirðu að breyta henni eða honum svo hann sé líkari þér? Finnst þér í lagi að vinur þinn hafi aðra afstöðu en þú í einhverju sem skiptir þig máli?

Ikíngut reyndi að læra siði og venjur fjölskyldu Bóasar en fannst það svolítið skrítið. En hann vildi vera kurteis og reyndi. Á maður alltaf að vera kurteis eða skiptir máli að halda í eigin siði? Ræðið hvort innflytjendur frá öðrum löndum eigi að halda í sína siði eða taka upp siði nýja landsins?

## Inúítar

Undir lok myndarinnar fáum við skýringu á því hver lkingut er og hvaðan hann kemur. Í ljós kemur að hann er Inúíti frá Grænlandi sem varð viðskila við fjölskyldu sína þegar ísjaki losnaði og rak til Íslands.

Vita nemendur eitthvað um Inúíta og hvernig þeir lifa? Hvar heldurðu að Inúítar á Grænlandi haldi til í dag? Eru til Inúítar annars staðar? Inúítar eru taldir frumbyggjar Grænlands. Þekkið þið til annarra frumbyggja á Norðurlöndunum? Hvers vegna heitir það frumbyggji?

## Náttúran

Veðurofsinn í myndinni er ekki gerður með brellum í myndveri. Flestar tókurnar fóru fram úti í náttúrunni og suma daga var svo hvasst og svo mikil hríð að ekki var hægt að mynda. En snjóflóðið var þó gert í módeli, annað hefði verið of hættulegt.

Hvernig verða snjóflóð og snjóhengjur til? Hvað er sérstakt við landslag og náttúru Íslands? Teiknið gjarnan eitthvað sem er dæmigert fyrir Ísland. Heldurðu að landið heiti Ísland af því að þar er alltaf ís og snjór?

Hverjir settust fyrstir að á Íslandi?

## Nánar um myndina

lkingut er spennumynd fyrir börn. Myndin lýsir einnig ýmsum fróðleik um náttúruna, um trú á hið yfirnáttúrulega og um framkomu fólks sín á milli.

Finnst ykkur myndin óhugnanleg? Hvernig eru óhugnanleg atriði gerð í kvikmyndum? Hvaða atriði myndarinnar fannst þér dramatískust? Útskýrðu af hverju.

Veltir þú því mest fyrir þér hvort mynd sé spennandi eða langdregin eða veltirðu fyrir þér áhugaverðum boðskap? Hvað heldurðu að leikstjóri lkingut hafi viljað segja með mynd sinni?

Í upphafi er myndin dálítið dularfull, það er ekki ljóst hvort Bóas sá í alvöru skrímsli eða hvort það er ímyndun hans sem við sjáum. Er lkingut raunsæ mynd? Veistu hvað einkennir raunsæja mynd?

Gerðu þér í hugarlund að þú sjáir alla myndina án tónlistar. Heldurðu að upplifun þín af dramatísku atriðunum væri þá önnur? Af hverju skiptir tónlist máli í kvikmyndum? Eru það myndirnar eða tónlistin sem hafa mest áhrif á okkur?

## Aðstandendur og starfslið

Leikstjórn Gísli Snær Erlingsson

Handrit Jón Steinar Ragnarsson

Leikarar Hjalti Rúnar Jónsson, Hans Tittus Nakinge, Jón Magnús Ragnarsson, Pálmi Gestsson, Freydís Kristófersdóttir, Atli Rafn Sigurðsson

Stjórn kvikmyndatöku Sigurður Sverrir Pálsson

Klipping Skule Eriksen & Sigvaldi Kárason

Lengd 88 mín

Framleiðsluár 2000

Kennsluefni unnið fyrir Norsk filminstitutt

Texti Áse Meyer

Þýðing Nanna Gunnarsdóttir